

S A M Þ Y K K T

um

einkasíma í Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Símar þeir, sem samþykkt þessi nær til, eru:

- a. Frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Saura, Ytri-Reyki, Syðri-Reyki, Bergstaði, Efri-Torfustaði, Neðri-Torfustaði, Urriðaá með hliðarlínu að Torfustaðahúsum og Geitlandi.
- b. Frá Hvammstanga um Barð, Melstað, Staðarbakka, Króksstaði, Skarfhól, Búrfell, Huppahlíð, Brekkulæk með hliðarlínunum frá Melsstað að Svarðbæli, frá Skarfhóli að Reynhólum og frá Búrfelli að Hálsi.
- c. Frá Hvammstanga um Sanda, Útiblíksstaði, Heggstaði, með hliðarlínunum að Bessastöðum og Bálkastöðum. Frá Söndum um Efri-Svertingsstaði, Tjarnarkot og Mýrar, með hliðarlínunum frá Efri-Svertingsstöðum að Neðri-Svertingsstöðum og frá Tjarnarkoti að Sveðjustöðum.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir. Símafélagið stofnar sameiginlegan sjóð, er nefnist Varasjóður Símafélags Ytri-Torfustaðahrepps, skammstafað V. S. Y. T. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað við viðhald einkasímalínunnar. Stjórn símafélagsins sér um viðhaldið. Bráðabirgðaaðgerðir milli bæja á línusvæðinu annast þó ábúendur jarðanna heiman að frá sér til næsta bæjar. Gjöldum til sjóðsins skal jafnað niður á gjaldendur símafélagsins á sama hátt og öðrum kostnaði við einkasímalínuna, og sér stjórn símafélagsins um að nægilegt fé sé fyrir hendi í sjóðnum á hverjum tíma til þess að greiða með kostnað við símabilanir. Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu.

4. gr.

Ábúendur jarða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., og ennfremur aðrir heimilisfastir gjaldendur til sveitarsjóðs í Ytri-Torfustaðahreppi, er þess kynnu að óska, gangi í símafélag, er nefnist Einkasímafélag Ytri-Torfustaðahrepps, og greiðir það kostnað þann, er lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim $\frac{3}{5}$ hlutum stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir, og

Því fé, sem kynni að koma annarsstaðar frá, ásamt því daglega viðhaldi, er um getur í 3. gr. Kostnaði þessum skal jafnað niður þannig:

97
23. jan.

- a. Að hálfu leyti á ábúendur allra fasteigna á samþykktarsvæðinu eftir gildandi jarðamati, hvort sem þeir eru eigendur jarðanna eða ekki.
- b. Að hálfu leyti eftir efnum og ástæðum, er jafnast niður á alla gjaldendur til sveitarsjóðs á samþykktarsvæðinu, er þar eiga lögheimili, í réttu hlutfalli við sveitarútsvör þeirra.

Allir félagsmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrétt á fundum félagsins.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi þeim, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess er úr gengur. Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af reikningum skal senda landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps og sýslustjórn Vestur-Húnavatns-sýslu ábyrgjast starfrækslu einkasimanna eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu leyti vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 200,00, er renna í sveitarsjóð Ytri-Torfustaðahrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkv. lögum nr. 11, 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.